# TIMBUR

SPÁNNÝR VÖRUFORÐI

Vér afgreiðum yður fljótt og greiðlega og gjörum yður í fylsta máta ánægða. Spyrjið þá sem verzla við oss.

**The Empire Sash & Door Co., Limited**

Phone Main 2511 Henry Ave. East. Winnipeg


skyldaðir með lögum að segja til, hvar þeir höfðu fengið áfengi.

**STÓRSÖLU LEYFI TAKMÖRKUÐ 1905**

Engin stórsöluleyfi veitt eftir þetta annarstaðar en í borgum og bæjum. Hótel í Winnipeg skylduð til að hafa ekki færri en 50 gestaherbergi hvert. Að öðrum kosti fengu þau ekki veitingaleyfi. Í borgum og bæjum, er töldu innan við 10,000, en yfir 5,000 íbúa, fékk ekkert gestgjafahús veitingaleyfi, er hafði færri en 30 uppbúin svefnherbergi. Í Winnipeg var tala veitingaleyfa miðuð við mannfjölda borgarinnar, eða eitt leyfi á hver tólf hundruð. Í öðrum borgum og bæjum voru veitingaleyfi veitt einnig eftir mannfjölda. Á fyrstu 500 íbúa voru veitt 2 leyfi, svo eitt fyrir næstu 500, og úr því, ef talan stóð hærra, eitt fyrir hver 600 í viðbót. Þá voru gjöldin af leyfunum hækkuð. Svifta mátti leyfishafendur sölu-umboði, ef áfengi var veitt í kjöllurum niðri eða neðanjarðar. Bannað var að hafa frían mat í veitingastofum, og þungar sektir lagðar við, að veita áfengi þeim, sem lagðir höfðu verið undir áfengissölu-bann (interdicted). Þá var kvenfólki fyrirboðið, að fara með áfengisveitingar.

Gjörðu leyfishafendur sig seka við reglugjörðir vinsölulaganna í þrigang, með því að brjóta þær, skal tekið af þeim sölu-umboð til þriggja ára.

**SETT LÖG UM ÖLGJÖRÐ 1906**

Þá voru allir ölgjörðarmenn skyldaðir að kaupa leyfi til ölgjörðar í fyrsta sinn arið 1906. Ó- bönnuð öll staupasala og veitingar í ölgjörðarhúsum. Samþykt var þá einnig, að veita ekki fleiri veitingaleyfi í Winnipeg borg, fyrir norðan brautir Canadian Pácific félagsins. Þá var líka takmarkað svæði innan bæjarins, þar sem setja mætti upp veitingasölu. Fyrirboðið var, að hafa Billiard og knattleikastofur í sambandi við veitingahús, samkvæmt ákvæðum, er sveita- og bæjar-félög vildi sjálf ákveða, og öllum unglingum innan 18 ára aldurs fyrirboðið, að vera á Billiard stofum, þar sem veitingar eru um hönd hafðar.

**1908, "MEIRI HLUTI ATKVÆÐA SKAL RAÐA."**

Meiridluti atkvæða, skal nægja til þess að setja héraðsbann mót allri vinsölu, í stað þess að áður útheimtist þrir fimtu atkvæða. — Og þar sem héraðsbann er löglleitt, skal það bann standa, þótt brevtt sé um merkjalinur héraðsins.

Ekki eru heldur leyfðir samgangar eða milligangar (stigar) frá veitingastofum við kjallara eða neðanjarðar afkima. Ekki held ur skulu leyfð samtalstæki, simar, bjöllur eða þess háttar við veitveitingastofuna frá öðrum pörtum hússins. Dansleikir, söngvar og aðrar skemtanir til þess að draga að fyrirboðnar á öllum veitingastofum. Þá var hækkuð sektin við ólöglegri vinsölu.

Lyfsölum var þá einskorðað, að selja engan vinanda, nema eftir læknisboði, og ekki stærri skamt í einu en sem svaraði mörk. Stöðugum drykkjuskap mátti refsa með varðhaldi og stynga drykkjurútum í tukthúsið. Allir veitingaþjónar urðu að fá leyfi frá því opinbera. Öllum sektum skift upp milli fylkisins og sveitahéraða eða bæjarfélaga. Fullkomnað ákvæðið um algjört innflutnings- og verzlunarbann alls áfengis innan takmarka allra bannhéraða. Allir lyfsalar skyldaðir til að fá sér söluleyfi, er áfengi vildu selja, og veitti það þeim einungis heimild til að selja það til meðala. Hvergi leyft að hafa áfengi með höndum, né gefa það nema í heimahúsum. Öll áfengissala fyrirboðin með öllu. Ennfremur fyrirboðið, að taka á móti pöntunum á víni, er sendast átti inn í bannhérað, og öllum einstaklingum eða félögum fyrirboðið, að flytja þangað áfengi.

**LÖGIN ENNÞÁ ENDURBÆTT 1909**

Lögákveðið, að lagt skyldi fyrir almenning í sveitunum frumvarp um héraðsbann og um það tekin atkvæðagreiðsla, um leið og sveitarstjórnarkosningar fóru fram. Þá var öllum, er voru undir vinveitingabanni, fyrirboðið að koma inn á veitingastofur.

**LÖGIN HERT 1910**

Til þess að veita mætti veitingaleyfi gestgjafa eða greiðasölumanni, varð hann að fá minst samþykki 16 húsráðenda af 20, er næstir bjuggu við hinn áformaða veitingastað. Þá var vinsölueftirlitsmanni veitt vald til að fyrirbjóða vinsölu um óákveðinn tíma, ef hann áleit, að seljandi á einhvern hátt hefði ekki þá reglu á veitingahúsinu, er lög áskilja. Og að gefnu tilefni var umsjónarnefnd vinsöluleyfanna heimilað, að afturkalla leyfi sitt og á þeim stað fyrirbjóða frekari áfengissölu.

**AUKIÐ VIÐ LÖGIN 1912**

Leyfishafi skyldaður til að gefa skýrslu um tölu veitingaþjóna, og hækkað að mun verð allra veitingaleyfa.

**ENN BREYTING 1914**

Bannað, að selja áfengi í öllum klúbbum í fylkinu frá kl. 12 að kveldi til kl. 8 að morgni. Ekki má setja upp veitingaborð í nokkurum klúbbsal, en þar skal jafnan vera matur til reiðu. Þar eru engin veðmál og fjárhættuspil leyfð, en sektir þungar við lagðar, ef út af er brotið. Engir formgallar skulu nægja til að ónýta héraðsbann, er annars nær nægilegu atkvæðamagni. Héraðsbann skal gilda yfir öllum hinum nýja viðauka fylkisins. Lögregluþjónar einnig skipaðir eftirlitsmenn með vinsölulögunum.

Þetta er þá, herra forseti, í stuttu máli saga bindindislöggjafar fylkisins, um síðastliðin 14—15 ár, og vildi eg spyrja alla sanna og ærlega bindindisvini, hvort þeir ekki áliti, að flokkur vor eigi einhverja viðurkenningu skilið fyrir það, sem hann hefir gjört? Eg vildi spyrja, hvort nokkur stjórn hér í Canada geti vísað til meiri framfara hjá sér í bindindislöggjöfinni en þetta?

Eg skal bæta því við, að þegar vér tókum við stjórn, stóð vínsölubann í þessum sveitum fylkisins: Argyle, Arthur, Birtle, Brenda, Edward, Elton, Lansdowne, Minniota, North Norfolk, Pipestone, Riverside and Whitehead — Héruðin voru 12, og helst þar bannið við enn.

Í sveitum þessum er ekki eingöngu vinsölubann nú, heldur einnig strangt innflutningsbann líka. En samkvæmt eldri lögunum — Liberal-lögunum — gilti vinsölubannið eingöngu í því, að ekki mátti veita þar vinsölyleyfi, en flytja mátti inn í héruðin vín eftir sem áður; fara mátti um og taka pantanir hjá fólki fyrir áfengi, og ferðamenn og umboðssalar máttu hafa með sér vínföng inn í héraðið eftir vild, Einsog eg hefi sagt, má enginn nú hafa með sér flöskú af brennivíni inn í héraðið, þar sem fyrir er vínsölubann; ekki má heldur flytja vín þar inn, og varðar það strangri refsingu, ef út af er brugðið. En svo skulum vér athuga líka, að héraðsbannið er ekki eingöngu miklu strangara nú, en það var, heldur hefir það líka breiðst út yfir stóran hluta fylkisins.

**BANNSVEITIR**

Í öllum eftirtöldum sveitum er héraðsbann: Albert, Argyle, Arthur, Bifröst, Birtle, Birtle bæ, Brenda, Elton, Hamiota, Hartney, Langford, Lansdowne, Macdonald, Lewis, Minniota, Minitonas, Morton, North Norfolk, South Norfolk, Odanah, Pipestone, Riverside, Roland, Rosendale, Rossburn, Shoal Lake, Silver Creek, Swan River, Wallace, Whitehead, Winchester og Woodsworth. Alls 32 talsins. Hefir útbreiðsla héraðsbannsins meir en þrefaldast síðan vér tókum við stjórn, eða aukist um full 200 prósent. Auk þessa tapaðist Emerson og Shoal Lake sveitin úr tölu bannsveita við endurtalning atkvæða, er banninu virtist hafa fallið í vil; ónýtt var atkvæðagreiðsla með dómsúrskurði í Cowan, Daley og North Cypress, er annars hefði fylgt bannhéruðum, og McCreary, Swan River, Thompson, Roblin og Kildonan var bannið upphafið með atkvæðagreiðslu seinna.

(Niðurlag næst).

## ÚR BÆNUM.

Sagt er, að með meira móti sé í ráði að byggja á Gimli í sumar. Er þegar byrjað á húsasmíðum þar. Meðal þeirra, sem eru að láta reisa sér vandað sumarhús, er hr. J. J. Vopni, frá Winnipeg. Gimli ætti að verða sumarbústaður Íslendinga héðan úr bænum, er efni og kringumstæður hafa til að dvelja utanbæjar yfir heitustu mánuðina. Það er hvergi betra loft en þar á vatnsbakkanum, og svo er þessi bær elzta landnámssetur þjóðar vorrar hér í Manitoba, og bærinn enn al-íslenzkur.

Á þriðjudaginn var lagði af stað héðan úr bænum vestur að hafi Mrs. Guðrún Pétursson, kona Björns kaupm. Péturssonar. Fóru með henni yngri börn þeirra tvö, Maria og Arthur. Ferð þessa fer Mrs. Pétursson sér til heilsubótar. Hefir hún verið heilsulítil af og til í vetur. Héðan fer hún með lestinni suður til Grand Forks og þaðan vestur yfir fjöll og til Seattle með Great Northern brautinni. — Óska henni vinir þeirra hjóna heillar farar, og að dvölin þar vestra megi verða henni til heilsubótar og hressingar.

Hér í bænum var staddur eftir helgina hr. Hermann Hermannsson frá Árborg.

Nýdáin er í Piney, Man., dóttir Mr. og Mrs. Sigurðar Anderson, hin efnilegasta stúlka.

**WONDERLAND**

Ágætar hreifimyndir eru nú sýndar daglega á þessu vel þekkta leikhúsi, útbúnaður allur er þar hinn vandaðisti. Theodor Árnason stýrir hljóðfæra flokk hússins, af mestu lipurð. Það er vel þess virði að hlusta á hann, og sjá myndirnar sem þar eru sýndar.

**BOLANN Á GIMLI**

Sú frétt kom hingað til bæjarins á mánudaginn, að komin væri bólan til Gimli og lægi þar einn maður sjúkur í henni. Er nokkur tími síðan hann veiktist, en læknar voru ekki vissir um þá, hvað að honum gengi. En nú kvað merki þess skýrt í ljós komin, að það sé bólan. Var strax settur sóttvörður um húsið, en samgangur hefir verið nokkur, svo hræddir eru menn um, að veikin geti hafa borist, ef satt reynist, að það sé þessi veiki.

Dr. Dunn, heilbrigðisumsjónarmaður bæjarins, sendi boð hingað til bæjar og það heilbrigðisráð fylkisins, að senda læknir norður til þess að athuga þetta með sér. En ekki náðist til læknis héðan í tíma í gær. Lyfjabúin þar neðra kvað vera bóluefnislaus, svo að fá þarf bólusetningarefni héðan.

Bólan hefir áður komið til Nýja Íslands, og fékk margur þá um sárt að binda, eftir að veikin geysaði um þá. Er því mikill ótti í mönnum, ef veiki þessi skyldi ná nokkurri útbreiðslu í annað sinn. En ástæðulaust er fyrir fólk, að óttast það svo mjög, því betri tæki eru nú fyrir hendi en þá var, að varna útbreiðslu sóttnæmra sjúkdóma, og vonandi er, að hér sé um ekkert alvarlegt efni að ræða.


# Samkoman mikla!

undir umsjón Únitara safnaðarins

**FIMTUDAGSKVELDIÐ, 23 þ.m.**

byrjar kl. 8. í samkomusal safnaðarins, Sherbrooke og Sargent

1. Ávarp forseta.
2. Söngflokkur Safnaðarins: Söngstjóri, Br. Þorláksson.
3. Upplestur, Þorst. Þ. Þorsteinsson.
4. Sumardagurinn fyrsti á Íslandi fyrir 40 árum. Ræða, S. B. Brynjólfsson.
5. Recitation Comique, John Tait.
6. Söngflokkur Safnaðarins, Söngstjóri Br. Þorláksson.
7. Sumardagurinn fyrsti á Suðurlandi fyrir 20 árum. Ræða, síra Guðm. Árnason
8. Recitation Comique, John Tait.
9. Ræða, B. L. Baldwinson.
10. Piano Solo, Gordon Merritt
11. Sumardagurinn fyrsti meðal stúdenta í Reykjavík. Ræða, Einar Páll Jónsson.
12. Upplestur, Þórarinn Jónsson.
13. Sumardagurinn fyrsti á landnámstíð í Dakota. Ræða, síra Rögnv. Pétursson
14. Söngflokkur Safnaðarins, Söngstjóri, Br. Þorláksson.
15. Ræða, Dr. Sig. Júl. Jóhannesson.
16. Kaffiveitingar.

Geta má þess að nokkur þau lög er sungin verða hafa aldrei heyrst hér áður í bæ meðal íslendinga. Þá má bæta því við að fáir hafa séð eða heyrt getið um stúdenta mótin miklu í Reykjavík. En þeim lýsir stúdent Einar Páll Jónsson.

**Samkoman verður óefað bezta samkoman í bænum þetta kveld. Inngangur 25c. Byrjar kl. 8. Komið sem flest og komið snemma.**



## Sérstakt fyrir Stórhýsin



Rafhengilampar með fjórum ljósum og fögrum ljósskýlum. Kosta $15.00 en verða seldir um vikutíma fyrir aðeins $8.95. Hengdir upp kosnaðarlaust til kaupenda. Peningar verða að fylgja pöntunum.

**Aðeins 50 ljósahjálmar verða seldir.** Nú til sýnis í búð

**BJÖRNS PÉTURSSONAR**

horni Simcoe og Wellington St.

Alskonar ljósvíralagning fljótt af hendi leyst.

50c. aukagjald fyrir að setja inn ljósahjálma þar sem vírar liggja innaní pípum.

**M. A. McIntyre**

Phone S 3045, 612 Alverstone St



**Fimm Prósent afsláttur**

Allar matvörutegundir sem þið þarfnist þar á meðal ágætis kaffi sem svo margir þekkja nú, og dáðst að fyrir smekk og gæði fást í matvörubúð B. Arnasonar, á horni

**Victor St. og Sargent Ave.**

Svo er aðgæzluvert að Arnason gefur 5% afslátt af doll. fyrir cash verzlun.

**Phone Sher. 1120**

**B. ARNASON**



**Thorlacius & Hanson**

Skreyta hús og mála

**Phone M. 4984 39 Martha St.**





**Johnson's Electric Cooko**

**FLJÓTLEGUST, HREINLEGUST, FYRIRHAFNARMINST OG ÓDÝRUST** er matreiðslan sem gerð er á rafmagns-eldastó. **Aðeins um það að gera að vélarnar séu góðar. Johnson's Electric Cooko ryður sér nú mjög til rúms.**

Eg bý þær nú til af ýmsum stærðum með einu, tveimur, þremum eða fjórum eldholum og þær stærri hafa bökunarofn. Eftir rafmagnsverði sem nú er kostar eldun í þessum vélum frá ¾c upp í 1c um klukkutímann fyrir hvert eldhol, sem er ódýrara en nokkurt annað eldsneyti þegar ag gætt er hve fljótt vélarnar hita. **Vélarnar ábyrgstar í þrjú ár. VERÐ $7 OG YFIR EFTIR STÆRÐ.**

**Mér er ánægja að sýna yður þær á verkstofunni.**

**Paul Johnson** 761 William Ave. WINNIPEG

Tals. Garry 735 og 2379




Klukkan 7 var vænst eftir þeim frá járnbrautarstöðinni, og nú sló hún einmitt sjö.

'Sjö', hrópaði hún, 'og hárið mitt er svona og svona'.

'Hún þaut inn í herbergi sitt, kveikti ljós og greip handspegil til þess að geta séð, hvernig hrokkna hárið hennar klæddi hana.

'Er það ekki ágætt, að vera útbúin með hrokkið hár og rauðar varir af náttúrunnar hendi?' sagði hún við sjálfa sig.

Hún klæddist fallegasta kjólnum sínum til virðingar fyrir gestinn. Það var dökkgrænn, franskur merinóskjóll. Liturinn átti vel við hörundslit hennar og kjóllinn fór henni ágætlega vel.

Teborð með mörgum ágætum matartegundum beið gestanna í borðstofunni, en presturinn, sem vanur var að borða kl. 6½ á slaginu, var ekki vel ánægður.

'Hvers vegna geta þessir ungu menn ekki komið á vanalegum matmálstíma?' sagði hann gramur.

'Af því engin lest kemur um það leyti, pabbi', svaraði Celia, 'en borðið er sérlega aðgengilegt'.

Augnabliki síðar heyrðist vagnskrölt úti, og séra Clare með dóttur sinni gekk út til að mæta gestunum, en frúin, sem hafði sofnað við arineldinn, opnaði augun alt í einu, og fór að hugsa um, hvort þetta væri morgun eða kveld.

Hvernig leit maðurinn út, sem Celia festi auga á í ganginum, þar sem hún stóð bak við öxl föður sins? Hann var ekki af þeirri tegund ungra manna, sem hún hafði búist við að sjá, og þó geðjaðist henni að framkomu hans. Það var hár og herðabreiður maður, alvarlegur á svip og fölur í andliti, svart hár og skegg, dökkgrá augu með gáfulegt útlit undir svörtu augabrúnunum.

'En sú hugmynd, að kalla þenna alvarlega mann



friðan sýnum', hugsaði hún meðan hún og faðir hennar þrýstu hvor annars hendi, en þegar hann rétt á eftir brosti, varð hún að viðurkenna, að bros hans var fagurt.

'Þið hljótið að vera svangir', sagði presturinn, 'ef þið hafið engan dagverð borðað á leiðinni'.

'Borðað á leiðinni', endurtók Eðvarð, 'nei, við höfum að eins drukkið sodavatn og ferðast með 3. vagnröð'.

'Vesalings mennirnir', sagði Celia hluttekningarlega, 'en ég gleðst samt yfir því, að þá geðjast ykkur því betur að teinu'.

Þau gengu nú öll að borðinu og neyttu matarins með ánægju. Prestinum þótti góð skemtun að tala við Gerarð og Celie ekki síður.

Gerarð var að sínu leyti mjög ánægður. Það var mjög langt síðan, að hann hafði verið í jafn góðum félagsskap. Hann hafði átt góða móður, en eyðslusaman og skeytingarlausan föður. Á æskuárum sínum stundaði hann nám við skozkan háskóla, og þegar hann var að ná fullorðins árunum, dó móðir hans, sem búin var að vera ekkja í tvö ár. Alt í einu stóð þessi ungi maður einmana í hinum kalda og kærulausa heimi.

Hann byrjaði baráttu lífsins með þeim ásetningi, að vinna sigur, og af því hann var viljasterkur maður og vel gáfaður, hafði honum tekist það til þessa.

Þetta kveld hætti hann að hugsa um stöðu sína, og tók með ánægju á móti heimilisgleðinni og góðum félagsskap.

'Eg held við förum ekki inn í daglegu stofuna í kveld', sagði prestur. 'Eg tel víst, að þar sé ekki eins notalegt og hlýtt eins og hér'.

Kona hans sagði, 'að þar væri ekki eins hlýtt og hér'.



'Ef ungu mennirnir vilja reykja, þá geta þeir farið upp í herbergi Teds', sagði prestur.

Gerarð kvaðst ekki vilja reykja, sér liði vel, þar sem hann væri. Svo fór presturinn að spyrja hann um eitt og annað viðvíkjandi námi hans, og um ýmsa nafnkunna menn í höfuðborginni. Gerarð svaraði öllum spurningum prests mjög greinilega, og Celia, sem sat út í horni, varð að viðurkenna, að hann væri fallegur maður, þegar samtalið fjörgaði hann.

Af klæðnaði hans dró hún þá ályktun, að hann væri fátækur, fötin voru slitin og skórnir sterkir en ekki fagrir.

Það var nú síður en svo, að Celiu líkaði fátæktin, hún áleit hana vera mannkynsins kvöl, og henni var þvert um geð að heimsækja fátæklinga og umgangast þá. Samt sem áður geðjaðist henni vel að unga lækninum, þó sjáanlegt væri að hann væri fátækur.

30. KAPÍTULI.

Daginn eftir var sunnudagur. Georg Gerarð var snemma á fótum og gekk yfir heiðina sér til skemtunar fyrir morgunverðartímann. Þegar hann kom aftur, hitti hann Eðvarð úti reykjandi vindil.

'Þér eruð undarlegur maður, að vera á skemtigöngu um háveturinn', sagði Eðvarð. 'Mig langar til að tala við yður fáeinar mínútur áður en við göngum inn til að neyta morgunverðar. Seinna fáum við naumast tækifæri til þess. Eg vildi helzt, að þér yrðuð samferða til kyrkjunnar, ef yður er **það ekki gagnstætt geði'.**



'Eg hafði hugsað mér að gera það. Eg vona að þér ætlið mig ekki vera kyrkju-hatara'.

'Menn vita aldrei um annars skoðanir í þeim efnum'.

'Eg var vanur að fylgja mömmu í kyrkju á hverjum sunnudagsmorgni, og það voru mínar skemtilegustu stundir. Þó eg ekki héldi af guðsþjónustunni hennar sjálfrar vegna, ætti mér að geðjast að henni af því hún minnir mig á móður mína'.

'Já, þegar maður missir móður sína á ungum aldri, hlýtur maður að sakna hennar sárt. En nú skal eg segja yður, hvers vegna eg vildi, að þér yrðuð samferða til kyrkjunnar. Eg er viss um, að Jón Treverton verður þar, svo yður geist gott tækifæri til að athuga hann. Bekkurinn okkar er beint á móti Manor House bekknum, svo hann verður beint á móti yður'.

'Gott', svaraði Gerarð, 'ef þessi Jón Treverton er einn og sami maður og Chicot, þá þekki eg hann'.

Celia var hin kátasta meðan morgunverðurinn stóð yfir, og veitti kaffi og te með afburða yndi. Svo gekk hún við hliðina á Gerard til kyrkjunnar.

Prestsfólkið var með þeim fyrstu, sem kom til kyrkjunnar. Heldra fólkið kom seinna. Hr. Sampson með systur sinni, lafði Barker, Pugsleys járnvörusali frá Beechhampton, frú Daracott kona stærsta landeigandans í héraðinu og seinast Jón Treverton og kona hans.

Tveim mínútum eftir, að þeir síðustu komu inn, var sunginn nýárssálmur, og svo byrjaði guðsþjónustan.

'Maðurinn er mjög unbreyttur', sagði Georg Gerarð við sjálfan sig, þegar hann stóð gagnvart Jóni Treverton, 'en hann er maðurinn, sem eg þekti frá Cibber-götunni og enginn annar'.

Já, **það var Jack Chicot.** 'En ánægjan hafði gef-